

Pétur Gunnarsson

Jón Ólafsson og Jean-Jacques Rousseau tveir uppeldisfrömuðir á 18. öld

Jón Ólafsson úr Grunnvík og Jean-Jacques Rousseau, hvað eiga þeir sameiginlegt, annað en nafnið (Jón). Báðir eru afsprengi átjándu aldar, hvor með sínum hætti, hvor á sínum stað. Jón Ólafsson er fæddur árið 1705 norður á Stað í Grunnavík, Rousseau sjö árum síðar suður í Genf í Sviss. Jón kemur frá landi sem á átjándu öld var einskonar ilpunktur Evrópu, vesalingur sem virtist varla eiga sér viðreisnar von, háskalegt hverri skepnu sem reyndi að fóta sig þar, barnadauði hæstur í Evrópu, árvissir uppskerubrestir með felli kvikfjár og manna, náttúruhamfarir á færibaldi.

Á landinu var eitt prentverk sem með harmkvælum ungaði út einu og einu guðsorðakveri, engin blöð, engin tímarit og varla heldur skólar: einhverju tilteknu safni af piltum var hrúgað saman í Skálholti og á Hólum og síðan fór langmest orka í að halda á sér hita, verjast vætunni og verða sér úti um eitthvað að éta.

Íslendingur sem var settur til mennta gat varla orðið nema prestur, landið bauð upp á tvær skólameistarastöður og kannski fjórar til fimm kennarastöður. Þeir sem höfðu ráð á að sigla gátu dregið að sér menningarloft Kaupmannahafnar í tvö þrjú ár áður en þeir sneru aftur í eymdina.

Fljótlega sótti í sama farið eða eins og Jón segir í *Hagþenki*, þá:

... kemur sinn þursinn úr hverri átt, stanga þá og stjaka með sínum sérvitru grillum þeirra þanka, þangað til skekja þá af réttu lagi, og gjöra um síðir sér jafnvitlausa, en ógæfan er svo römm að þeir þykjast þó þá hvað vitrastir ... (Jón Ólafsson úr Grunnavík 1996:64)¹

Sérstaða Grunnavíkur-Jóns var reyndar töluverð, við hann gæti átt frægt bókarupphaf: „Næst því að missa föður sinn ...“ o.s.frv. Hann er aðeins tveggja ára þegar faðir hans deyr í Stórubólu og í framhaldi af því elst hann upp á helsta menningarheimili landsins undir handarjaðri Páls Vídalíns sem var örugglega í fremstu röð menntaðra Íslendinga, lögmaður og skáld, en líka uppalandi sem lagði rækt við skjólstaðinga sína. Jón ferðast með húsbónda sínum margsinnis til Alþingis og kynnist því pólitíska og andlega lífi sem landið hafði upp á að bjóða, útskrifast frá

¹ Tilvitnanir í *Hagþenki* eru færðar til nútímamáls. Héðan í frá verður einungis vísað til blaðsíðutals þegar vitnað er í þetta rit.

Hólaskóla, siglir síðan til Kaupmannahafnar þar sem hann starfar undir handleiðslu skærasta menntaljóssins, Árna Magnússonar, á meðan hans nýtur við, er síðan nær óslitið styrkþegi Árnanevndar í Kaupmannahöfn um hálftrar aldar skeið.

Jean-Jacques Rousseau er úrsmiðssonur sem missir móður sína við fæðingu og elur sig að því er virðist upp sjálfur uns hann er settur í læri tólf ára gamall til leturgrafara. Sextán ára strýkur hann úr vistinni og gerist landshornasirkill, aðallega á Frakklandi sem upp frá því er hans heimareitur. Hann hlýtur enga skipulega skólamenntun og vinnur hin og þessi tilfallandi störf, meðal annars skrifari eins og Jón, starfar líka við manntal og síðar nokkuð við kennslu. Hann kynnist Alfræðibókarmönnum í París og binst vináttuböndum við höfuðpaurinn Diderot, fær m.a. það hlutverk að skrifa kaflann um tónlist í Alfræðina.

En ef honum er sjálfrátt eltir hann á sér nefið á stöðugu flandri um hið frjósama Frakkland, milli þess sem hann stingur sér inn á góðbúin, oft undir verndarvæng aðalskvenna og gerðist elskhugi þeirra, ef svo bar undir.

Haustið 1749 er hann á leiðinni til Vincennes sem þá var skammt utan við París með alræmdu fangelsi þar sem félagi hans Diderot sat inni um þessar mundir til að afplána refsingu fyrir einhvern ritlinginn. Á göngunni verður honum fyrir að fletta tímaritinu *Mercure de France* og rekur augun í samkeppni sem Akademían í Dijon efnir til, auglýst er eftir ritgerðum sem svari spurningunni: „Hafa framfarir í vísindum og listum stuðlað að bættu siðferði?“

Spurningin kemur Rousseau í þvílíkt uppnám að hann lætur fallast til jarðar undir tré og finnst hann sjá eins og í sjónhendingu ævi sína og stöðu í veröldinni. Hvernig hann hafði snúið baki við uppruna sínum, gengið af trúnni, hlaupið á eftir villuljósum tíðarandans og reynt að gera sig gjaldgengan hjá fína fólkinu. Og hvað hafði hann borið úr bítum? Öllum gildum hafði skolað burt og hann stóð eftir þetta rekald sem hann var orðinn. Andlegur og tilfinningalegur öreigi.

„Þegar ég settist upp,“ skrifar hann síðar, „tók ég eftir að allt brjóststykkið á vestinu mínu var vott af tárur, án þess að ég hefði veitt því athygli að ég væri að gráta.“²

Hann ákveður að hætta að ganga gegn innstu sannfæringu sinni, hlíta héðan í frá sinni innri rödd. Í framhaldinu skrifar hann svarritgerð sem hann sendir í samkeppnina – og hreppir fyrstu verðlaun. Þar með frestast áform hans um að segja skilið við París og menninguna því ritsmíðin færir honum frægð og frama. En jafnframt kemur til

² Annað bréf Rousseau til Malesherbes, tilfært af J.-B. Pontalis í formála að Rousseau 1973:14.

ágreinings milli hans og Alfræðinganna. Samkvæmt þeim var maðurinn knippi af eðlishvötum sem hamingjan fólst í að fullnægja. Manninum væri ekki lagt í brjóst neitt meðfætt siðferðislögmál.

Rousseau aftur á móti teflir fram því sjónarmiði að maðurinn sé fæddur góður en hafi verið spillt af „menningunni“. Við þurfum að endurheimta okkur sjálf eins og Guð gerði ráð fyrir að við værum (eins og Guð forritaði okkur, ef Rousseau væri að tala í dag).

Þremur árum síðar efnir Akadémían í Dijon enn til samkeppni og nú er spurt: „Hvert er upphaf ójafnaðar meðal manna?“ Rousseau sendir inn svar sem tekur hinu fyrra langt fram bæði að tilþrifum og lengd. Að þessu sinni hlýtur hann ekki verðlaunin en verkið fæst útgefið og veldur uppnámi.

Í hið fyrra sinn rakti hann upphaf ófarnaðar til menningarinnar, nú er það þéttbýlið sem ber ábyrgðina. Einn er maðurinn hamingjusamur, um leið og margir koma saman er fjandinn laus.

Af því tilefni sendi Voltaire höfundinum tóninn: „Við lestur ritgerðar yðar fer mann að langa til að ganga á fjórum fótum.“

Öndvert við Rousseau sat Jón Grunnvíkingur mestanpart á sama stað og vann sín ritarastörf á lofti Þrenningarkirkjunnar í Kaupmannahöfn sem þá hýsti Árnastofnun, öldungis óþekktur utan þröngs hóps samlanda. Aldrei féll honum penninn úr hendi og handritin og hugverkin hlóðust upp í kringum hann án þess að honum auðnaðist að fá neitt þeirra útgefið – *Hagþenkir* er engin undantekning þar frá.

Hann er liðlega þrítugur þegar hann tekst verkið á hendur. Þá er upp risin heil bókmenntagrein í tengslum við Ísland, svokallaðar viðreisnarbókmenntir; viðfangsefnið er að bjarga þessu hrjáða landi til betra lífs. Hvert ritið á fætur öðru gerir úttekt á ástandi landsins og býður upp á úrbætur. Flestar lúta þær að nýsköpun í atvinnuháttum landsmanna og verslun, fjallað er um nauðsyn þess að koma upp bæjum á Íslandi með þeirri atvinnugrósku sem bæjarlífi fylgir, hefja námugróft, flytja erlent handverksfólk til landsins, jafnvel útvega íslenskum karlmönnum auðugt kvonfang erlent ... Það er lítið lát á hugmyndaauðginni.

Hagþenkir Jóns skipar sér í þessa sveit en sker sig jafnframt úr með þeirri áherslu sem hann leggur á menntun. Jón vekur athygli á þessari sérstöðu sjálfur: „Eg veit engann af löndum mínum, hafa tekið þesskonar Materiu fyrir sig áður ...“ (6). En hann tekur líka fram að menntastefna sín taki mið af hinu fátæka Íslandi og þeim möguleikum sem þar bjóðast:

... þetta er lagað allt eftir Íslands fátæku ásigkomulagi: Og það eina uppteiknað, sem íslenskir mega síst án vera, en hitt undanfellt. (7)

Ef við getum ímyndað okkur að *Hagþenkir* sé til að bjarga mönnum frá því að verða menntunar- og menningarlega hungurmorða, er *Emil* eftir Rousseau strangur megrunarkúr fyrir offitusjúklinga. En báðir eiga þeir félagar það sameiginlegt að gera barnið að útgangspunkti. Jón hafnar vélrænni ítrodslu, taka verður mið af þroska barnsins hverju sinni og námsefnið þarf að skírskota til veruleika sem börnin þekkja. Allt þetta tekur Rousseau undir, aðeins byrjar hann leikinn miklu framar en Jón, eða í sjálfri meðgöngunni. Hann fjallar um aðstandendur barnsins, þeir eiga að vera af góðu fólki sem á átjándu öld þýddi af aðalsstandi. Efnahagur sé góður. Og landið sem barnið fæðist til á að vera í tempraða beltinu, þeir sem búa við öfgar í veðurfari þurfa að kosta of miklu til lífsins til að ná fyllstu blómgun. Frakkland er landið. Að barninu fæddu leggur Rousseau áherslu á að móðir þess brjóstfæði það og hamast gegn þeim útbreidda sið að koma barninu fyrir hjá mjólkurfóstru, þannig sé spilt því eðlilega tilfinningasambandi sem annars myndast milli móður og barns. Einnig ræðst hann gegn þeirri venju að reifa barnið í stranga eins og þá tíðkaðist og átti að koma í veg fyrir að barnið færi sér að voða. Þvert á móti vill hann sem minnstar hömlur leggja á hreyfingar þess.

Það er ekki fyrir en um 200 blaðsíðum síðar sem Rousseau kemur að bóknáminu og hefur nú heldur en ekki myndast gjá á milli *Hagþenkis* og *Emils*. „Stærsta gagn og gaman er að kunna að lesa ...“ (17) skrifar Grunnvíkingur og upphefur sannkallaðan óð til lestrarkunnáttunnar sem eykur mönnum þekkingu og unað, því meiri sem þeir eiga fleiri bækur og kunna fleiri tungumál. „Skrifið er þegjandi ræða“ (17) segir hann og því ekki takmörk fyrir þeim samtölum sem lesandi maður getur átt.

„Ég hata bækur,“ segir Rousseau, „þær kenna ekki annað en tala um það sem við þekkjum ekki (...) Lestur er plága fyrir barnið. Tólf ára gamall veit Emil varla hvað bók er. Á hann þá ekki að læra að lesa? Jú, þegar það getur komið honum að gagni; þangað til gerir bóklestur varla meira en vekja honum leiða.“ (Rousseau 1966:238).

Rousseau hefur að skrifa *Emil* árið 1759, hann er þá 47 ára. Á þessu tímabili gengur hann í gegnum einhverjar mestu fæðingarhríðir sem evrópskur mannsandi kann frá að greina. Hann skrifar jöfnum höndum þrjú stórvirki sem öll valda aldaðvörfum. Auk *Emils* er það *Contrat social* (Samfélagssáttmálinn) og skáldsagan *La nouvelle Héloïse* (Heloísa hin

nýja; sú gamla var þessi sem Abelard elskaði á 12. öld). *Emil* og *Héloise* eru doðrantar upp á 600 blaðsíður hvort um sig, *Samfélagssáttmálinn* á annað hundrað.

Og verkin þrjú leika saman: *Emil* fjallar um einstaklinginn, *Héolise* um fjölskylduna og *Samfélagssáttmálinn* um samfélagið.

Af þessum þríleik átti *Emil* lengstan aðdraganda. Þegar Rousseau var 33 ára hafði hann tekið saman við konu, Thérèse Levasseur, og eignast með henni börn sem hann gaf jafnharðan á upptökuheimili. Samviskubitið vegna þess arna er hreyfillinn sem knýr hann til að skrifa *Emil* og *Játningarnar* strax í kjölfarið. Reyndar komst hann aldrei fyrir sektarkenndina og var enn að réttlæta gerðir sínar þegar dauðinn sótti hann þar sem hann sat og skrifaði *Hugarreik gangandi einfara* (*Les rêveries du promeneur solitaire*) árið 1778.

Emil er hugarfóstur Rousseau, munaðarlaus drengur af góðum ættum sem hann gengur í föðurstað.

Hagþenkir er fyrirburi Jóns, hann segir að verkið sé unnið í þeim flýti að engin móðir gangi jafn stutt með sitt fóstur „sem ég með þennan minn son Hagþenkir“ (9).

Bæði ritin ganga því út frá tilbúnum karlkyns einstaklingi. Rousseau telur ærið ævistarf að ala upp einn slíkan, Jón treystir sér til að uppfræða sex í senn. Þegar kemur að sjálfu bóknáminu fyllir latínan upp í sjóndeildarhringinn hjá Jóni, mestu skiptir að tileinka sér færni í henni. Rousseau aftur á móti blæs á hina dauðu tungu, af henni hefur Emil engin kynni og reyndar ekki af nokkurri bók, jú ein bók sleppur í gegnum nálaraugað, *Róbinson Krúsó* eftir Defoe (útkom árið 1719).

Rousseau er helsti hugsuður hins svokallaða neikvæða uppeldis sem á nýliðinni öld fékk byr undir vængi (margir munu t.a.m. kannast við bókina *Summerhill* eftir A.N. Neill sem var biblía blómabarna og mjög í þessum anda).

Rousseau:

Ég kenni nemandan mínum listina að vera fáfróður. Þið keppist við að færa honum viskuna snemma; ég einbeiti mér að leiðinni til að öðlast hana af eigin rammleik (...) Mesta háskatímabilið í ævi mannsins er frá fæðingu til 12 ára. Þessi tími er gróðrastía ódygða og lasta án þess að tækin séu til staðar til að útrýma þeim. Og þegar þau loksins eru tiltæk hafa þau skotið svo djúpum rótum að ekki verður við þeim séð.

Þetta fyrsta skeið á því að einkennast af neikvæðu uppeldi og felst ekki í því að kenna dygðir eða sannindi

heldur að tryggja hjartað fyrir löstum og villu. Ef tækist að vernda barnið ósnert fram að skynsemisaldrinum væri björninn unninn. (113)

Maður spyr sig til hvaða ráða Rousseau hefði gripið ef Netið hefði verið komið til sögunnar.

En svo merkilegt sem það er þá örlar fyrir þessu neikvæða uppeldi hjá Jóni einnig:

Eigi banna honum öldungis þvert af, þá hluti, sem leyfilegir eru í máta brúkaðir, en skaðlegir með vanbrúkan, heldur brýna fyrir honum misbrúkanina, og helst ef honum hefur orðið hún á einhverntíma, svo hann skammist sín að gjöra slíkt oftár. (19)

Og ennfremur:

... tala oftlega fyrir honum um dygðir og löstu, en þó að láta hann sem fæst vita af hinu vonða, svo hann síður fýsist að vita það og reyna. (19)

Enn eru Rousseau og Jón samferða í þeim ásetningi sínum að láta lærisveina sína læra handverk, Jón af nauðsyn, Rousseau til að kenna hugarfóstri sínu auðmýkt.

Emil eða um uppeldið átti eftir að hafa afdrifarík áhrif á lífshlaup Rousseau, bókin var bönnuð og brennd og höfundurinn gerður útlægur, jafnt í Frakklandi sem heimalandinu Sviss. Á örskömmum tíma varð hún alræmd og síðar víðfræg um gervalla Evrópu, kunn er sagan af Kant sem ruglaðist aðeins einusinni á hinni daglegu og nákvæmlega tímasettu göngu sinni og það var þegar hann gleymdi sér við lestur á *Emil*. Síðar talaði Kant um að mælska verksins og stílþrif væru svo ölvandi að það þyrfti að gera að því margar atrennur til að byggja upp ónæmi fyrir vímunni.

Svona hljóðar upphafið:

Allt er gott frá hendi skaparans, allt fer úrskeiðis í höndum mannsins. Hann þvingar jarðveginn til að næra framandi afurðir, eitt tré að bera ávexti annars; hann hrærir saman og truflar andrúmsloft, náttúruöfl og árstíðir; hann limlestir hundinn sinn, hestinn, þrælinn; hann raskar öllu, afskræmir allt, hann elskar hið vanskapaða, ófreskjuna; hann vill ekki

sjá neitt eins og náttúran hefur það, ekki einusinni maðinn; það verður að temja hann eins og dráttarklár eftir hans eigin kenjum; hann vill semja hann að sínum smekk, eins og tréð í garðinum sínum.

Það væri hálfu verra ef því væri ekki þannig farið, tegundin vill ekkert hálfverk. Eins og málum er háttað yrði sá sem við fæðingu ætti að sjá um sig sjálfur mesta ófreskjan af öllum. Fordómar, yfirvald, nauðung, fyrirmyndir, samanlagðar stofnanir þjóðfélagsins sem yfirstöpla allt og alla, myndu kæfa í honum hið náttúrulega án þess að setja neitt í staðinn. Hann væri eins og teinungur sem tilviljunin plantar á akbrautina miðja og vegfarendur eru ekki seinir að tortíma með því að rekast á hann, toga hann og teygja á alla kanta. (35)

Prenningin *Emil, Héloise* og *Samfélagssáttmálinn* ollu endanlegum vinslitum Rousseau og Alfræðinganna sem í ritum sínum réðust nú leynt og ljóst gegn Rousseau. Voltaire skrifaði nafnlaust niðrit: *Álit þegnanna* þar sem hann kvað koma úr hörðustu átt að maður sem sjálfur hefði yfirgefið börnin sín væri að skrifa kennslurit um uppeldi. Sem varð til þess að Rousseau settist niður og skrifaði *Játningarnar*, en það er sennilega sú bók hans sem mestri útbreiðslu hefur náð og lengst lifir af hans verkum.

Síðustu æviárum eyddi hann hrakinn og smáður í borginni sem hann hataði, París. Ofsóknaræði tók yfir æ stærri skerf af hugsun hans og sligandi sektarkenndin. Síðasta verkið sem hann lauk við var *Rousseau dæmir Jean-Jacques* (Rousseau juge de Jean-Jacques) og var höfundurinn staðinn að verki við að reyna að koma handritinu fyrir á altari Notre Dame.

Hann andaðist 2. júlí árið 1778, 66 ára að aldri.

Jón Grunnvíkingur var honum svotil samferða úr veröldinni, hann lést tæpu ári síðar, 17. júní 1779.

Handan við hornið voru náttúrufræðilegar sem og þjóðfélagslegar hamfarir. Árið 1783 urðu Skaftáreldar og í kjölfarið landskjálftar sem komu í byltingar stað á Íslandi, steypu biskupsstólnum í Skálholti og bundu endi á Alþingi á Þingvöllum. Askar sem barst til Evrópu orsakaði uppskerubrest í Frakklandi með verðhækkun á korni sem aftur hækkaði verð á brauði sem kenningar eru uppi um að hafi síðan fyllt mæli frönsku byltingarinnar.

Franska byltingin hóf Rousseau til vegs og árið 1794 voru líkamsleifar hans fluttar í heiðursgrafhýsið Panthéon þar sem þær hvíla í mikilli steinþró.

Jón Grunnvíkingur aftur á móti mun liggja einhversstaðar undir nafnlausri stéttinni á milli Þrenningarkirkju og Köbmagergade. Verk hans *Hagþenkir* leit fyrst dagsins ljós í Reykjavík árið 1996, 259 árum eftir að það var samið (og mun nú nær uppselt hjá forlaginu).

Heimildir:

Jón Ólafsson úr Grunnavík. 1996. *Hagþenkir*. Þórunn Sigurðardóttir sá um útgáfuna og ritaði inngang. Góðvinir Grunnavíkur-Jóns og Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna. Reykjavík.

Rousseau, Jean-Jacques. 1963. *Du contrat social*. Formáli eftir Henri Guillemin. 10/18. París.

Rousseau, Jean-Jacques. 1966. *Émile ou de l'éducation*. Formáli eftir Michel Launay. Garnier-Flammarion. París.

Rousseau, Jean-Jacques. 1973. *Les Confessions*. Formáli eftir J.-B. Pontalis. Éditions Gallimard. París.